



## Fundagerð æskulýðs- og íþróttanefndar 24 apríl 2019

Fundur Íþróttar og æskulýðsnefndar 24.4.2019 fundur settur klukkan 10:05 í Miklagarði

Mætt: Víglundur P Einarsson, Þórhildur Sigurðardóttir, Aðalbjörn Björnsson, Linda Björk Stefánsdóttir, Teitur Helgason er ritar fundagerð.

Þórhildur setur fund og gengur til dagskrár

### 1. Kosning nýs formanns.

Þar sem að Þórhildur er tekinn við starfi sem verkefnastjóri frístunda- æskulýðs- og fjölmeningarmála hjá sveitarfélaginu getur hún ekki lengur setið í nefndinni. Þórhildur mun sitja áfram sem áheyrnarfulltrúi og starfsmaður nefndarinnar.

Kosningu á nýjum formanni er frestað til næsta fundar þar sem að vantar 2 aðalmenn og er Víglundur starfandi formaður fram að þeim fundi.

### 2. Heitir pottar við íþróttahús.

Fyrir liggur kostnaðaráætlun um gerð á einum köldum potti og tveimur heitum pottum við íþróttahúsið.

Líst nefndinni vel á þessa hugmynd og þakkar góðar undirtektir. Óskar nefndin eftir því að gerður verður viðauki við fjárhagsáætlun 2019 svo að hægt sé að fara í þetta í sumar.

### 3. Önnur mál.

- o Þar sem ákveðið hefur verið flott íþróttasvæði vill nefndin að skoðað sé að setja upp frísbíggjvöll á því svæði.
- o Þar sem að það er á fjárhagsáætlun að setja nýtt gras á sparkvöllinn við skólann vill nefndin að skoðað verði hvort ekki sé hægt að stækka völlinn.
- o Rætt var um skólalóðina og hvað er hægt að gera þar til að lóðin verði okkur til sóma.
- o Rætt um að setja ærslabelg og strandblakvelli á gamla æfingarsvæðið upp á íþróttasvæði.
- o Vill nefndin að það sé gerður góður göngustígur frá núverandi tjaldstæði og upp á íþróttasvæði.
- o Ítrekar nefndin að Þórhildur sendi á nefndarmenn fjárhagsáætlun fyrir málaflökkinn.

Ekki fleira rætt fundi slitið klukkan 10:40.